

Hafnarfjörður 23. nóvember 2016

Til: Bæjarráðs

## Minnisblað vegna knatthúsa

Eftirfarandi er samantekt og tillögur að næstu skrefum eftir viðræður við Fimleikafélag Hafnarfjarðar - FH í tengslum við knatthús í Kaplakrika.

### Forsendur samtals og viðræðna

Við skoðun ársreikninga FH Knatthúss var fengin aðstoð frá endurskoðanda bæjarins og eru allar framsettar tölur fengnar með aðstoð endurskoðanda. Í samningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 21. febrúar 2008 segir eftirfarandi í 3. grein:

*„Hafnarfjarðarbær mun leigja ÍBH tíma í íþróttahúsum/mannvirkjum sínum fyrir sem næst sannvirði rekstrarkostnaðar (stofn- og vaxtakostnaður ekki reiknaður með). Reiknað er með því að íþróttahúsnæði/mannvirki í eigu íþróttafélaga fái hliðstæð leigugjöld og íþróttahús í eigu bæjarins (tillit skal þó tekið til fjármagnskostnaðar viðkomandi íþróttafélags við byggingu mannvirkisins)“*

Árið 2007 gerði Hafnarfjarðarkaupstaður viðaukasamning við FH um leigutíma í „Risanum“. Samningur kvað á um að greiða skuli á ári 17,4 milljónir kr. sem í dag samsvara 28 milljónum kr. Samningur var samþykktur í íþrótt- og tómsfundanefnd en hvorki í fjölskylduráði né bæjarstjórn. Greiðslu vegna leigu á tímum í Risa hefur til þessa verið ráðstafað til FH Knatthúss.

Samningur um rekstrarframlög og viðauki við hann vegna afnota af Risanum er við FH, en Hafnarfjararkaupstaður er ekki með neina samninga við FH knatthús ehf. FH hefur undanfarin ár látið samsvarandi fjárhæð og viðaukinn kveður á um renna til FH Knatthúss. Samkvæmt ársreikning 2015 eru skráðir eigendur FH knatthús ehf. eftirfarandi:

- Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) að 50% hlut
- Knattspyrnudeild FH að 50% hlut

Frá 2007-2015 hefur bæjarsjóður greitt 207,2 millj. kr. á verðlagi hvers árs en ekki liggja fyrir sundurliðaðar rekstartölur vegna reksturs knatthússins. Vegna þess hefur verið gerð áætlun um rekstur miðað við árið 2015 sem hljóðar upp á 8,7 millj. kr. Þessi tala er unnin af endurskoðanda bæjarins í samvinnu við formann FH. Ef gert er ráð fyrir að það sé raunveruleg rekstartala fyrir hin árin einnig, en endurreiknuð miðað við vísitölu, er áætlaður rekstrarkostnaður árána 2007-2015 samtals kr. 68,4 millj. á verðlagi hvers árs. Mismunur á tekjum frá Hafnarfjarðarkaupstað og áætluðum rekstrarkostnaði árin 2007-2015 er því 138,8 millj. kr. á verðlagi hvers árs sem væntanlega hefur farið í að greiða vexti og afborganir af lánum sem tekin hafa verið vegna Risans og nú Dvergs.

Endurskoðandi hefur framreiknað bókfærðan byggingarkostnað, skv. ársreikningum, vegna Risans og Dvergs til dagsins í dag, skv. því er kostnaðurinn samtals 390.886 þús. kr. Eftirstöðvar áhvílandi lána hjá FH Knatthús vegna Risans og Dvergs eru miðað við 11. október 2016: 211.976 þús. kr.

## Tekjur og gjöld

Tekjur frá Hafnarfjarðarkaupstað	207.191.706
Áætlaður rekstrarkostnaður	-68.385.872
<b>Mismunur á tekjum og rekstrarkostnaði</b>	<b>138.805.834</b>
Áætlaður vaxtakostnaður	-83.817.682
<b>Afgangur eftir rekstrar- og vaxtagjöld</b>	<b>54.988.152</b>
Afgangur uppreiknaður miðað við byggingavísitölu	69.334.034

## Tillögur að afgreiðslu máls

- Lagt er til að gengið verði frá samningi um rekstur allra mannvirkja hjá FH, samningi sem byggir á sömu forsendum og aðrir samningar sem gerðir hafa verið við önnur íþróttafélög. Með nýjum samningi falla niður allir samningar og viðaukar sem gerðir hafa verið við FH þar með talinn samningur um Risann.
- Til að koma á mótis við FH varðandi greiðslur frá bænum vegna leigu á knatthúsi, sem farið hafa í greiðslu afborgana og vaxta er lagt til að bærinn greiði upp eftirstöðvar lána eða yfirtaki þau og eignist á móti x% eignarhlut í viðkomandi byggingum
  - Miðað við 200 millj. kr. af 400 millj. kr.: 50%
  - Miðað við 269 millj. kr. af 400 millj. kr.: 67%

Hætt verður með samkomulagi að greiða FH skv. samningi um knatthús. Með þessari framkvæmd verða allir gildandi samningar gerðir skýrir og bærinn eignast með réttu þann hlut sem hann greiðir fyrir.

## Haraldur L. Haraldsson

Bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar